



ORKUSTOFNUN

## Vatnsöflun fyrir Hitaveitu Akureyrar

Ólafur G. Flóvenz, Axel Björnsson

Greinargerð ÓGF-AB-81-01

Vatnsöflun fyrir Hitaveitu Akureyrar

Tilgangur þessarar greinargerðar er að gera í stuttu máli grein fyrir stöðu og horfum í heitavatnsöflunarmálum fyrir Hitaveitu Akureyrar í sumarþyrjun 1981.

Samkvæmt upplýsingum hitaveitustjóra þarfnaðast Hitaveitan nauðsynlega um 30 sekundulítra af heitu vatni fyrir næsta vetur til viðbótar því sem þegar hefur fengist frá Laugalandi, Ytri-Tjörnum og Botnslaug.

Borunum eftir heitu vatni fyrir H.A. má skipta í two flokka. Annars vegar eru boranir sem gefa vonir um aukið vatn til notkunar á næsta vetri og hins vegar boranir sem eru hluti rannsókna vegna aukinnar vatnsparfar í framtíðinni.

Hér á eftir verða talin upp jarðhitasvæðin í grennd Akureyrar, greint frá stöðu rannsókna og tillögum Jaðrhítadeilda Orkustofnunar um frekari boranir. Boráætlun sú sem hér er sett upp er ekki tímasett, og er miðað við þá bora sem nú eru tiltækir, Ými og Narfa. Áætlunin er heldur engin endanleg röðun borverka, aðeins sú röðun sem skyndisamlegust virðist í bili. Hana verður því stöðugt að endurskoða í ljósi nýrra upplýsinga og hugmynda sem fram koma.

I. Svæði sem nýst gætu til orkuyinnslu næsta vetur

1. Glerárdalur: Úrvinnslu mælinga, bæði yfirborðsmælinga og borholumælinga er að mestu lokið. Niðurstöður benda til þess að vatnið, sem kemur fram í holu 5, renni lárétt á litlu dýptarbili úr suðri. Til að finna meginuppstreymi heita vatnsins þarf að leita suður frá holu 5. Útreikningar á yarmaleiðni benda til þess að halli vatnsæðar sé til austurs. Efnahitamælar benda til þess að fá megi allt að  $70^{\circ}\text{C}$  vatn af svæðinu. Bráðabirgðaniðurstöður á afkastagetu holu 5 benda til að úr henni fáist einungis 5 l/s þegar til lengdar lætur. Árangurinn af holu 5 hvetur til framhalds rannsókna og leitar að meginuppstreyminu. Búast má við að bora þurfi tvær 200-300 m rannsóknarholur til viðbótar, áður en unnt er að staðsetja 1000-1500 m djúpa holu. Hægt er að staðsetja næstu rannsóknarholu hvenær sem er.

2. Botnslaug: Bora þarf 1800 m holu til könnunar á vatnsæðum dýpra niðri. Hugsanlegt er að annað vatnskerfi sé til staðar neðan við 1000 m æðina og tækist að hitta þar á stórar æðar væri það búbót til næsta vetrar. Einnig kemur til greina að dýpka holu HN 10, en varast ber að taka nokkra áhættu í því sambandi þannig að þegar fenginn árangur spillist ekki.
3. Kristnes-Reykhús. Flest bendir til þess að ekki þýði að eiga meir við Reykhúsalaugarnar. Heita vatnið þar er líklega aðrunnið í æðum af litilu dýpi, ofan 500 metra. Ef árangur borunar KY-4 við Kristneslaug reynist gefa vonir um að fá megi heitt vatn þar, er líklegast að bora þurfi aðra grunna holu skammt frá og síðan djúpa holu. Verði niðurstöður KY-4 neikvæðar beinist athyglín að efstu volgrunum við Kristnes. Þar yrði æskilegt að bora grunna rannsóknarholu. Ef niðurstöður hennar yrðu einnig neikvæðar er rétt að íhuga framhaldið vel. Þær fáu viðnámsmælingar sem gerðar hafa verið á Kristnes-Reykhúsa-svæðinu gefa engin fyrirheit um vatnsgeng jarðlög. Því er rétt að doka við með frekari boranir og bíða niðurstöðu fyrirhugaðra viðnámsmælinga. Verði niðurstöður viðnámsmælinga og borana við Kristneslaug neikvæðar er réttast að aðskrifa svæðið og hætta ekki á frekari djúpboranir, nema til komi nýjar og jákyæðar upplýsingar.
4. Hrafnagil. Hitamælingarnar úr þeim holum sem boraðar hafa verið fram til þessa (holur 1-9) sýna að undir svæðinu er nær lárétt vatnsæð, 60-63°C heit, á um 400-500 m dýpi. Einhvers staðar leitar vatnið þó til yfirborðs undir þykkum malarlögum við Laugaborg. Hætt er við að lítin árangur sé að fá með grunnum holum við súkar aðstæður. Þó þótti rétt að bora holu 11 í gang þann, sem talinn er léiða heita vatnið við Botnslaug til að ganga úr skugga um hvort hann væri vatnsleiðarinn við Hrafnagil. Svo reyndist ekki, a.m.k. á um 100-200 m dýpi. Hins vegar bendir hitamæling úr holu 11 til ívið hærra hitastigs á 400 m dýpi en hitamælingar úr hinum holunum sýna. Því þykir rétt að bora holu 12 eins og áætlað var til könnunar á hitastigi og lekt í göngunum næst vestan þeirra sem skornir voru í holu 11. Verði árangur þeirrar borunar góður (hár hiti, vatnsgengd) er eðlilegast að fylgja honum eftir með borun Narfaholu nokkru vestar.

Viðnámsmæling í hliðinni nokkur hundruð metrum ofna Hrafnagils sýnir fremur hátt viðnám, sem bendir til lítillar vatnsgengdar þar. Mæling sem gerð var nálægt Hrafnagilsskóla sýnir á hinn bóginn mjög lágt viðnám, með því lægsta sem mælist í Eyjafirði. Hins vegar er ekki hægt að greina í sundur í þessari mælingu hvort lágviðnámið stafar af góðri vatnsgengd eða af söltum setlögum á botni dalsins.

Fáist ekki viðunandi árangur af holu 12 liggur beinast við að leita með borunum við Hrafnagilsskóla eða jafnvel á árbakkanum rétt austan Eyjafjarðarár gegnt Hrafnagilsskóla. Nauðsynlegt er að sú hola verði 500-600 m djúp. Hún yrði væntanlega í landi Munkabverár sem mun eiga áreyrarnar að austan, norður undir landi Ytri-Tjarna.

## II. Syðsi þar sem hugsanlega má fá nýtanlegt vatn í framtíðinni.


5. Stokkahlaðir. Við Stokkahlaðir eru tvær smávolgrur. Þær eru nú áhugaverðari en áður vegna þess hve stutt þær eru frá Botnslaug og væntanlegri hitaveitulögn þaðan. Stokkahlaðasvæðið er lítt kannað. Gera þarf segulmælingar til að ákvarða legu ganga og misgengja við volgruna og bora 100-200 m rannsóknarholu til hitamælinga. Þá er rétt að kanna efnahitastig og mæla viðnám í jörðu til að fá mat á vatnsgengd. Viðnámsmæling við Botnslaug gefur lágt viðnám en mæling mitt á milli hennar og Stokkahlaðavolgrunnar ekki. Holan gæti lent í landi Botns, Hranastaða eða Stokkahlaða.
6. Ytra-Gil. Segulmælingum umhverfis laugina er lokið og segulkort tilbúið. Viðnámsmæling rétt við laugarnar gefur svipað viðnám og gengur og gerist utan jarðhitastaða í Eyjafirði. Bendir það til fremur lítillar vatnsgengdar. Rétt er að stefna að því að bora þarna einhverntíma 100-200 metra holu til hitamælinga. Staðsetning slíkrar holu getur legið fyrir með litlum fyrirvara.
7. Garðsárlaug. Segulkort sem mælt var sumarið 1980 er fullfrágengið. Viðmámsmæling nálægt laugunum gefur vonir um nokkra vatnsgengd. Rétt er að viðnámsmæla dálitið til viðbótar á þessu syðsi og bora 100-200 m holu til hitamælinga. Staðsetja má þar holu fyrirvaralitið.

8. Laugaland á Þelamörk. Til frekari rannsókna á vinnslugetu svæðisins þarf að bora 1000-1500 m rannsóknarholu. Fyrst þarf þó að mæla gömlu holurnar og bera þær mælingar seman við segulkort sem gert var 1979. Rétt er þó að ítreka að viðnámsmælingar frá Laugalandi benda ekki til mikillar vatnsgengdar þar, en vegna hins háa hitastigs getur verið réttlætanlegt að kanna svæðið betur. Til greina gæti komið að auka við viðnámsmælingar á staðnum.
9. Gríasará. Til greina kemur að bora 200-300 m djúpa rannsóknarholu við Gríasará. Hún yrði staðsett norðanvert við gang sem stefnir í norðvestur. Holan GG1 er sunnan þess gangs.
10. Reykir. Borun 1000-1500 m holu er næsta skrefið í rannsókn svæðisins. Fyrst þarf þó að ljúka mælingum á grunnu holunum og vinna úr þeim.
11. Mjaðmárdalur. Kísilhiti í Mjaðmárdalslaug er hár og efnagreiningar benda til annars vatnskerfis en í Eyjafirði. Viðnám er fremur lágt, sem bendir til nokkurrar vatnsgengdar. Yfirborðsrannsóknir hafa ekki leitt í ljós hvernig heita vatnið kemur upp úr jörðinni, hvorki gangar né misgengi hafa fundist nálægt lauginni. Auka þarf við yfirborðsrannsóknir þarna. Enginn vegur er að svæðinu og ljóst að allmikla vegagerð þarf til að koma bor á staðinn.

Ólafur G. Flóvenz

Axel Björnsson

HUGSANLEG NIBURRÖÐUM  
BORVERKA ÍMIS FIRIR HITAVEITU ÁKUREYRAR




SKIRRINGAR:

KY-4 : nærumur korpunum  
(100-200) líklegt digi holu.  
(leidbeiranda)

+ : góðus öröngrur

- : líttill öröngrur

+/- : góðus eða líttill  
öröngrur.



HUGSANLEG RÖÐUN DJÚPBORANA FVRIR HITAVEITU AKUREYRAR

Nidurstöður grunnu runnsóknabarananna ráða hvet ofangreindra  
leida er edlilegust.